



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts - 4.4.2017 kl. 12:00

Mætt:

Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Einar Gunnlaugsson (EG), Baldvin Hansson (BH), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR)

Fjarverandi:

Torfi Arnarson (TA), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Garðar Þór Garðarsson (GPÞ)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Fyrirspurn frá Umf. Heklu vegna torfærukeppni á Hellu 13. maí 2017

Formleg umsókn um þessa keppni hefur ekki komið frá Umf. Heklu og þá umsókn þarf að fá til að geta gefið Umf. Heklu heimild til að halda keppnina.

Einnig má benda á það að allar skráningar fyrir Íslandsmót eiga fara fram á vef AKÍS og hvergi annars staðar.

Í auglýsingum keppninnar verður að koma fram nafn keppnishaldara, sem yrði þá Umf. Hekla, ekki FBSH.

2. Skipun í keppnisráð

Farið var yfir skipan í keppnisráð. Stefnt að því að skipan verði lokið á næsta fundi.

3. Tillaga að málefni fyrir Regional Sport Congress í Svíþjóð í haust

Minnt á þetta mál.

4. Fundir um tryggingarmál í akstursíþróttum

Fundað hefur verið með Samgöngustofu, tryggingafélögum, Samgönguráðuneytinu og Fjármálaráðuneytinu meðal annars vegna tryggingamála í akstursíþróttum.

Áframhaldandi fundir eru fyrirhugaðir í næstu viku. Formanni MSÍ mun boðið að taka þátt í fundum.

5. FIA - dagur sjálfbóðaliðans 12. maí 2017

Stjórn skipar vinnuhóp sem fjalli um aðkomu AKÍS að þessu.

6. Umsókn um að halda jepparall 30. apríl 2017

Jeppar og buggbílar ásamt fjórhjólum og vélhjólum. Leiðir liggja um Reykjanes.

Samþykkt að bæta keppninni á keppnisdagatal.

7. Leyfi til myndbirtingar

Samþykkt leyfi fyrir eftirfarandi:



Ágúst Bjarni Arnarsson (drónaklippur fyrir Jakob C)

Guðbjörg Ólafsdóttir (Facebook, Youtube, Snapchat, Instagram, fréttamiðlar)

Brynjar Schiöth (Mótorhaus, N4, YouTube, Instagram, Facebook)

Sveinn Haraldsson (Facebook motorsportmyndir)

Halldór Ingi Eypórsson (Samfélagsmiðlar, plaköt, auglýsingar og einkaalbúm keppenda)

8. Önnur mál

G-krafta mælar: Senda ítrekun á FIA. Reyna að fá mælana fyrir torfæruna á Hellu og skila eftir Akureyri og fá þannig þrjár keppnir.

9. Næsti fundur

25. apríl 2017 - Google Hangouts kl. 18:00